

FUNDARGERÐ

145. stjórnarfundur KRAFT

145. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 21. september 2022, kl. 20.00 á Zoom.

Fundarmenn : Gry, Hinrik, Auðunn, Lára, Aron Ingi, Þórunn og Laufey
Fjarverandi : Rúnar
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. BÓKUN STJÓRNAR

Stjórn lýsir yfir ánægju stjórnar með árangur landsliðsins á Vestur-Evrópumótinu og NM unglunga. Einnig með nýjan alþjóðadómara, Laufeyju Agnarsdóttur, sem tók prófið á NM unglunga.

3. FJÁRMÁL

Skv. gjaldkera KRAFT er félagið í góðum málum.

4. VESTUR-EVRÓPUMÓTIÐ

Mótið gekk mjög vel í heildina. Frásögn af mótinu má finna á heimasíðu KRAFT.

5. NPF ÞINGIÐ

Þingið var stutt og laggott. Samþykkt að veita Færeyjum aðild að NPF. Þeir stefna síðar að verða aðilar að EPF og IPF. Ekkert rætt um verðlauanmál eða fámenna flokka. Ársgjaldið verður það sama, hefur dugað fyrir mótahaldinu. Er smá innistæða hjá NPF. Mótið í Noregi á næsta ári, staðsetning óstaðfest. Einhver umræða um nýtt fólk í brúnni. Rætt um IPF og að heimsmet sett á NM ættu að vera samþykkt af IPF. Tillaga um að gera meira úr þinginu, t.d. vinnustofa. Lagt í hendur Norðmanna sem eru með næsta þing og mót.

6. NM UNGLINGA

Heilt yfir gekk ferðin mjög vel. Ungu landsliðsfólkið stóð sig vel og margir settu met og/ eða bættu persónulegan árangur. Einn daginn voru 11 að keppa og þ.a. 6 að keppa í einu á tveimur pöllum.

7. ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Samþykkt að skipuleggja nýtt námskeið. Marius er tilbúinn í aðra umferð. Gry skoðar að byrja í nóvember eða fljótlega á nýju ári. Leggja upp með sama upplegg þar sem eru tvær helgar með Marius og ein helgi þ.s. kandidatar fá fræðslu um næringu, skyndihjálp o.fl.

8. DÓMARAPRÓF

Eins og síðustu ár verður lagt upp með dómaraþróf í febrúar þegar byrjendamótið verður. Aron Ingi og Laufey verða með Helga í þessu. Fjölga alþjóðadómurum á árinu.

9. DÓMARANEFND

Umræða hefur verið um bona fide „heiðarleg tilraun“ , hvað felst í henni. Þetta er vegna þriggja lyftu móta þ.s. keppendur hafa sett lágur þyngdir í hnébeygju og réttstöðulyftu til að einbeita sér að bekkpressu og í mörgum tilfellum sett Íslandsmet í bekkpressu. Dómaranefnd lagði til að miða við líkamsþyngd í hnébeygju og réttstöðulyftu. Umræða varð um tillöguna. Gry ætlar að setja niður á blað og bera undir stjórn og dómaranefnd.

10. RIG 2023

Er í vinnslu. Lagt upp með óbreytt fyrirkomulag. Forseti IPF hefur haft efasemdir um að hægt sé að setja heimsmet á RIG en ekkert sem segir um það í reglum, keppendur eiga að geta sett heimsmet eins og undanfarin ár.

11. MÓTASKRÁ 2023

Er í vinnslu. Mótanefnd gerir ráð fyrir að senda á stjórn fljótlega.

12. VINNUFUNDUR STJÓRNAR MEÐ LANDSLIÐSNEFND

Verður nk. laugardag kl.9.15 í húsi ÍSÍ.

13. HEIMASÍÐA

Almenn ánægja er með heimasíðu KRAFT. Notendur þurfa aðeins að venjast nýju skipulagi á síðunni. Stjórn hvetur félagsmenn að láta vita ef eitthvað þarf að bæta frekar.

14. ÖNNUR MÁL

DÓMARASPJÖLD

Laufey fékk verð í dómarspjöld til að hafa í búnaðarpakka KRAFT. Stjórn varð sammála að gefa spjöld þegar nýir dómara útskrifast en ekki hafa í búnaðarpakkanum.

BÚNAÐARLISTI

Það hefur gerst oft að búnaður sem KRAFT lánar mótshöldurum hverfur. Stjórn samþykkti að gera tékklista (hakað við það sem er lánað hverju sinni). Gry útbýr lista. Mótshaldari kvittar undir og verður þannig ábyrgur gagnvart KRAFT.

SJÚKRATÖSKUR

Báðar töskurnar hurfu á móti á árinu. Samþykkt að kaupa nýjar og hafa inni í tékklista. Sturla hjá Massa mun sjá um að útbúa og kaupa fyrir KRAFT.

LÍMMIÐAR

Ákveðið að merkja allan búnað KRAFT, sérstaklega þann sem er lánaður út úr húsi. Gry pantar límmiða til að setja á búnað.

FÉLAGASKIPTI

Umræða um félagaskipti.

15. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

16. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 21.40